

Tómas Ísleifsson  
Portúgal  
linekra@simnet.is

Reykjavík, 17. mars 2021

**Efni: Mál Endurupptökudóms nr. 12/2021**

Vísað er til erindis yðar sem endurupptökunefnd framsendi Endurupptökudómi með bréfi dags. 30. nóvember 2020, en þar er óskað endurupptöku á dómi Hæstaréttar í máli nr. 610/2007, sem kveðinn var upp hinn 2. október 2008.

Beiðnin hefur verið tekin til meðferðar hjá Endurupptökudómi, sem starfar á grundvelli 54. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, og skipa dóminn í máli þessu Aðalsteinn E. Jónasson, landsréttardómari, Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður og Eiríkur Elís Þorláksson, dósent.

Veittur er frestur til 31. mars nk. til að gera athugasemdir við skipan dómsins, en að því loknu má gera ráð fyrir að gagnaðila/-aðilum verði gefinn kostur á að skila greinagerð sinni vegna málsins, verði beiðninni ekki hafnað þegar í stað sbr. 3. mgr. 193. gr. og 2. mgr. 192. gr. laga nr. 91/1991.

F.h. Endurupptökudóms

*Anna M. Karlsdóttir*

Anna M. Karlsdóttir